



Keppnisreglur

Keppt er til Íslandsmeistara í eftirtöldum flokkum árið 2009:

1. Mótorhjól að 500cc (tvíhjólaflokkur, krosshjól, endurohjól, bifhjól)
2. Mótorhjól 500cc og stærra (tvíhjólaflokkur, krosshjól, endurohjól, bifhjól)
3. Fjór hjól (einnig þríhjól)
4. Vélsleðar
5. Fólksbílar (ein drifhásing)
6. Útbúnir fólksbílar
7. Jeppar (einnig fjór hjóladrifs fólksbílar)
8. Útbúnir jeppar
9. Sérsmíðuð ökutæki
10. Opinn flokkur

Skilgreiningar á flokkum, kröfur, reglur um útbúnað og takmarkanir:

1. Mótorhjólaflokkur að 500cc:

1. Krosshjól, endurohjól, mótorhjól, götuhjól og sérsmíðuð hjól - tvíhjól.
2. Allar breytingar leyfðar.
3. Hámarkstærð á vél 500cc.
4. Engin hámarksþyngd.
5. Skyld er að loka framgjörð. Mælt er með áli tryggilega festu með plastströppum.
6. Dekkjabúnaður verður að vera úr gúmmí, málmspyrnur bannaðar.
7. Bremsubúnaður skal virka eðlilega (fram og afturbremsur).
8. Lágmarksfjöðrun að framan 50 mm fyrir götuhjól.
9. Neyðaráðrepari sem tengdur er við ökumann með línu skylda.
10. Leðurgalli (smekkbuxur og jakki, samrennt eða heilgalli), kross-stígvél með stáltá og kross-brynja, auk hefðbundins öryggisbúnaðar skylda (hjálmur o.þ.h.).

2. Mótorhjólaflokkur 500cc og stærri:

1. Krosshjól, endurohjól, mótorhjól, götuhjól og sérsmíðuð hjól - tvíhjól.
2. Allar breytingar leyfðar.
3. Enginn hámarkstærð á vél.
4. Engin hámarksþyngd.
5. Skyld er að loka framgjörð. Mælt er með áli tryggilega festu með plastströppum.
6. Dekkjabúnaður verður að vera úr gúmmí, málmspyrnur bannaðar.
7. Bremsubúnaður skal virka eðlilega (fram og afturbremsur).
8. Lágmarksfjöðrun að framan 50 mm fyrir götuhjól.
9. Neyðaráðrepari sem tengdur er við ökumann með línu skylda.
10. Leðurgalli (smekkbuxur og jakki, samrennt eða heilgalli), kross-stígvél með stáltá og kross-brynja, auk hefðbundins öryggisbúnaðar skylda (hjálmur o.þ.h.).



3. Fjór hjóla flokkur:

1. Fjór hjól og einnig þrí hjól.
2. Allar breytingar leyfðar.
3. Engin hámarkstærð á vél.
4. Engin hámarksþyngd.
5. Dekkjabúnaður verður að vera úr gúmmí, málmþyrnur bannaðar.
6. Bremsubúnaður skal virka eðlilega (fram og afturbremsur).
7. Neyðarádregari sem tengdur er við ökumann með línu skylda.
8. Leðurgalli (smekkbuxur og jakki, samrennt eða heilgalli), kross-stígvél með stáltá og kross-brynja, auk hefðbundins öryggisbúnaðar skylda (hjálmur o.þ.h.).

4. Vélsleðaflokkur:

1. Skylt er að loka gati fremst á skíði, sé það til staðar
2. Nítró leyft.

5. Fólksbíla flokkur:

1. Ökutæki skal vera skráð sem fólksbíl.
2. Aðeins ein drifhásing. Fjór hjóladrifin ökutæki fara í jeppaflokk.
3. Hæðarmunur fremst og aftast á síls má ekki vera meiri en 10 cm.
4. Hámarks hæð hjólbarða er 33".
5. Í ökutækjum sem eru þaklaus, með blæju eða með plast húsi skal vera veltibogi.
6. Fjarlægja má innréttingu úr ökutækjum sem eru með veltibúr
7. Óheimilt er að fjarlægja hluti af eða úr ökutækjum
8. Hjólbarðar skulu vera DOT merktir, viðurkenndir af bifreiðaskoðun, óskornir og standi ekki út fyrir óbreytta brettabrún
9. Upphaflegur hvalbakur eða eins útlítandi á upphaflegum stað, úr sömu efnunum af sömu efnisþykkt er skylda.
10. Óheimilt er að breyta hjólskálum (többa)

6. Útbúinn fólksbíla flokkur:

1. Lágmarksþyngd ökutækis er 1.300 kg.
2. Upphaflegur hvalbakur eða eins útlítandi á upphaflegum stað, úr sömu efnunum af sömu efnisþykkt er skylda.
3. Ótakmarkaðar breytingar leyfðar á vél.
4. Óheimilt er að fjarlægja hluti af eða úr ökutækjum í keppni.
5. Ökutæki undir 6 sek. hafi 4 punkta öryggisbelti.
6. Veltibogi skylda í þaklausum ökutækjum, með blæju eða plathús.
7. Dekkjabúnaður er opinn.



7. Jeppaflokkur:

1. Drif á fjórum hjólum sem eru öxultengd við vél.
2. Hjólbarðar mega ekki ná út fyrir brettabrún.
3. Veltigrind og 4 punkta öryggisbelti skylda í þaklausum ökutækjum, með blæju eða plasthús.
4. Óheimilt er að fjarlægja bretti, vélarhlíf eða framstykki.
5. Stýri skal vera tengt með vélrænum hætti, tjakkstýri með vökvarótor bannað. Hjálpartjakkar leyfðir.
6. Dekk skulu vera viðurkennd DOT merkt. Dýpka má slitraufar.

8. Útbúinn jeppaflokkur:

1. Lágmarksþyngd ökutækis er 1.200 kg.
2. Drif á fjórum hjólum sem eru öxultengd við vél.
3. Vél skal vera bílvél, ótakmarkaðar breytingar leyfðar.
4. Veltibúr og minnst 4 punkta öryggisbelti skylda.
5. Óheimilt er að fjarlægja hluti af eða úr ökutækjum í keppni.
6. Dekkjabúnaður er opinn.

9. Sérsmíðuð ökutæki

1. Ökutæki með eina drifhásingu þ.m.t. jeppar og pallbílur.
2. Endursmíða má hluta ökutækis úr öðrum eignum en upphaflega. Skylt er að hafa alla bodyhluta á ökutæki.
3. Vél skal vera bílvél, allar breytingar leyfðar.
4. Dekkjabúnaður er opinn.

10. Opinn flokkur:

1. Allt sem ekki kemst í aðra flokka.
2. Ótakmarkaðar breytingar leyfðar á vél.
3. Dekkjabúnaður er opinn.

Ennfremur gildir um útbúna flokka og opinn flokk:

1. Ballest og nítró er leyft.
2. Höfuðrofi, sæti með háu baki og sprengiheld kúplingshús skylda.
3. Sprengimotta eða hlíf á sjálfskiptingu skylda sé tími undir 4,99 sek.
4. Eldsneytis og rafgeymir skulu vera utan farþegarýmis í lokuðum bílum.
5. Hjólbarðar skulu vera úr gúmmí, keðjur eða áboltaðar/soðnar spyrnur eru bannaðar.
6. Í útbúnum og sérsmíðuðum flokkum eru skófludekk eða skófluskorin dekk skylda.
7. Ökutæki undir 4,99 sek. þarf veltiboga í lokaðan bíl en veltibúr í opinn bíl. Veltibúr er skylda í öllum bílum sem fara undir 4,50 sek.

Allir bílar í öðrum flokkum sem keyra undir 6 sekúndum skulu hafa 4 punkta belt og skulu einnig uppfylla grein 2., 3., 4. og 7. falli þeir undir tímamörk þeirra.



Allt flokkar eru tveir:

1. Allt flokkur hjóla og vélsleða
2. Allt flokkur annara ökutækja

Allt flokkar eru flokkar sem heimilt er að keyra í lok hvernar keppni. Skráning er á keppnisstað og verður viðkomandi keppnistæki að vera skráð í keppni til að mega taka þátt. Undanþágur frá þessu er keppnisstjórn heimilt að veita á keppnisstað, en skal þá keppandi greiða sérstaklega fyrir þáttöku.

Flokkurinn er keyrður með útsláttar fyrirkomulagi og raðað í flokkinn eftir besta tíma ökutækis úr flokkakeppni. Byrjað er á lakasta tíma, þá næstlakasti tími og svo framvegis. Ef ökutæki hefur ekki keppt í flokkakeppni skal það teljast með lakasta tímann. Séu fleiri en eitt tæki skráð, án þáttöku í flokkakeppni skal dregið um rásröð þeirra (frá lakasta tíma.) Ræst skal á jöfnu með "pro tree".

Reglur þessar voru síðast yfirfarnar á félagsfundi 4. maí 2009.